

1801002SA - Frumvörp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga

Til : Tryggvi Þórhallsson <tryggvi.thorhallsson@samband.is>
Frá : Tryggvi Þórhallsson <tryggvi.thorhallsson@samband.is>
CC : Sigrún Þórarinsdóttir <sigrun@samband.is>; Guðjón Bragason <gudjon.bragason@samband.is>; Karl Björnsson <karl.bjornsson@samband.is>
Heiti : 1801002SA - Frumvörp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga
Málsnúmer : 1712017
Málsaðili : Alþingi
Skráð dags : 04.01.2018 14:40:14
Höfundur : Tryggvi Þórhallsson <tryggvi.thorhallsson@samband.is>
Viðhengi image001.gifimage001.gif

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga, félagsmálastjóra og formanna félagsmálanefnda

Þann 18. desember sl. fengu sveitarfélögin senda umsagnarbeiðni frá nefndarsviði Alþingis, vegna tveggja frumvarpa sem áður hafa verið til meðferðar (umsagnafrestur til 15. janúar). Hafa frumvörpin nú verið lögð fram að nýju með það fyrir augum að hljóta afgreiðslu nú í lok janúar eða byrjun febrúar, en um er að ræða:

- Frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir (26. mál) og
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum (27. mál).

Frumvörpin eru nánast óbreytt frá þeirri útgáfu sem lögð var fram á síðasta þingi. Á þeim tíma sendi sambandið inn umsagnir um bæði málin (sjá: hér og hér) þar sem áhersla var lögð á að viðtæk sátt hefði náðst um áformaðar breytingar. Um væri að ræða málamiðlun sem sambandið styddi og myndi því ekki gera tillögur um breytingar á frumvörpunum.

Frá þessu eru þó tvær undantekningar:

Annars vegar gerir sambandið tillögu sem snýr að **akstursþjónustu**. Ástæðan fyrir þessari tillögu er að velferðarráðuneytið breytti - án samráðs - því ákvæði sem samkomulag náðist um við vinnslu frumvarpanna. Einhliða breyting ráðuneytisins kom í kjölfar kostnaðarmats sem sýndi fram á útgjaldaauka af hálfu sveitarfélaga. Ráðuneytið var ekki reiðubúið til þess að bæta sveitarfélögum útgjaldaaukann og því er uppi ágreiningur um þennan þátt málsins.

Hins vegar gerir sambandið tillögu um að sett verði lagastoð undir **starf nefndar sem ætlað er að fylgjast með áhrifum væntanlegra lagabreytinga á fjárhag og stjórnsýslu sveitarfélaga**. Ástæðan fyrir þessari tillögu er að styrkja þurfi farveginn fyrir úrlausn mála sem snúa að kostnaðarmati, m.a. út frá þeim ágreiningi sem upp hefur komið. Jafnframt er vísað til greinargerðar sambandsins um þau 10 atriði sem vöktun þurfi að beinast að.

Þá hefur sambandið á öllum stigum málsins haldið fram kröfu um að samhliða lögfestingu á NPA verði ákveðið að **kostnaðarhlutdeild ríkisins í gerðum NPA-samningum hækki úr 25% í 30%**.

Áríðandi er að ofangreindar þrjár áherslur fái stuðning nú þegar stefnir í endanlega afgreiðslu á þingi. Umsagnir af sveitarstjórnarstiginu hafa afgerandi vægi við þinglega meðferð málanna og því mikilvægt að tækifæri séu nýtt til þess að fylgja áherslunum eftir með samtölum við velferðarnefnd þingsins og aðra

þingmenn. Einnig þarf að gæta þess að sveitarfélögin fái nægjanlegt svigrúm til innleiðingar en í því samhengi hefur verið rætt um að áformaðar lagabreytingar taki gildi um mitt ár 2018.

Samhliða löggjafarstarfinu fer nú fram vinna á vettvangi velferðarráðuneytisins við undirbúning reglugerða sem ný lög um þjónustu við fatlað fólk gera ráð fyrir að verði settar og taki gildi um mitt ár 2018. Um er að ræða reglugerðir um eftirtalin efni:

1. Vistun barna utan heimilis
2. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)
3. Biðlistar, forgangsröðun umsókna og úrræði á biðtíma
4. Starfsleyfi
5. Eftirfylgni og upplýsingagjöf
6. Starfsemi og aðbúnaður á skammtímadvalarstöðum

Fulltrúar félagsþjónustunnar taka faglegan þátt í þessari vinnu auk þess sem reglugerðardrög munu fara í gegnum kostnaðarmat skv. 129. gr. sveitarstjórnarlaga. Verður nánari upplýsingum miðlað til sveitarfélaga eftir því sem framvindan gefur tilefni til en undirrituð (sem eru tengiliðir af hálfu sambandsins) óska jafnframt eftir sjónarmiðum og frekari áherslum en að ofan greinir. Þess er ennfremur farið á leit að sambandið fái afrit af umsögnum sem sveitarfélögin senda frá sér.

Með bestu nýárskveðjum af hálfu sambandsins,
Guðjón Bragason, Sigrún Þórarinsdóttir og Tryggvi Þórhallsson



Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.